

## MENNING

# Plataði alla vestur að taka upp plötu

Þeir sem hafa sótt tónleika Sætabrauðsdrengjanna vita hver píanóleikarinn Halldór Smáráson er. Hann hefur reyndar víða spilað og svo er hann líka tónskáld. Nú er plata með verkum hans í vændum.



Halldór var á förum út til Bandaríkjanna að mixa plötuna þegar þessi mynd var tekin en kom við í Iðno og spilaði þar.  
Fréttablaðið/Sigtryggur Ari

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**

Laugardagur 8. febrúar 2020  
Kl. 08.00

## DEILA



Fyrsta hljómplatan mín er í vinnslu, hún heitir STARA og á henni eru klassísk verk sem ég hef verið að búa til síðustu árin," segir ísfirski píanóleikarinn og tónskáldið Halldór Smáráson. „Þetta eru kammerstykki að mestu leyti og eru þarna í flutningi Strokkvartettsins Sigga og fleiri hljóðfæraleikara. Tvær dömur úr Elektra Ensemble spila með og gítarleikarinn Gunnlaugur Björnsson leikur sólóstykki sem ég samdi fyrir hann þegar við vorum báðir að læra úti í New York.“

Platan var tekin upp á Ísafirði á liðnu sumri. „Ég komst í kynni við bandaríska útgáfufyrirtækið Sono Luminus sem hefur verið að gefa út Sinfóníuhljómsveit Íslands, Daníel Bjarnason, Önnu Þorvalds, Sæunni Þorsteins og fleiri Íslendinga, og auðvitað marga alþjóðlega listamenn. Fyrirtækið var tilbúið að gefa efnið mitt út og ég plataði alla vestur á Ísafjörð til að taka upp plötuna, fannst við hæfi að taka upp mína fyrstu plötu heima. Þar er æðislegur salur sem heitir Hamrar og er í Tónlistarskólanum, þar er líka frábær flygill og hljómburður sem hentaði þessari músík sérlega vel," lýsir Halldór.



Halldór hefur fallið vel inn í hóp hinna eldhressu Sætabrauðsdrengja gegnum tíðina. Fréttablaðið/GVA

Það sem er sérstakt við útgáfufyrirtækið Sono Luminus er að það sérhæfir sig í annarri upptökutækni en oft er notuð, að sögn Halldórs. „STARA er því ekki eins og flestar plötur, í sterió, hægri og vinstri rás, heldur getur fólk sem er með einstaklega gott hljómkerfi heima hjá sér hlustað á plötuna, lokað augum og upplifað að það sitji í miðju upptökurýminu. Við vorum með fullt af míkrafónum sem við röðuðum hljóðfæraleikurunum kringum. Það gefur tónlistinni skemmtileg litbrigði.“

Hömrúm var breytt í stúdíó í fjóra daga. „Tæknifólkið í Sono Luminus kom frá Virginíu, hljóðfæraleikararnir komu að sunnan og sumir erlendis frá,“ segir Halldór. „Það var mikið átak að láta þetta gerast en ótrúlega þýðingarmikið fyrir mig og nú er ég að reyna að reka smiðshöggjö og klára fjármögnunina í gegnum Karolina Fund.“ Hann segir hægt að leggja verkefninu lið með ýmsum hætti, til dæmis kaupa plötuna eða myndlistarverk sem hann og bandaríski málari Bert Yarborough unnu í sameiningu. Miðar séu í boði á útgáfutónleika í Reykjavík og á Ísafirði, einnig sé hægt að panta tónlistaratriði í veislu eða kaupa sig inn á stofutónleika heima hjá honum. „Ég ætla að bjóða fólki heim, Thelma, kona mín, ber fram kaffi og kruðerí og ég leik á flygilinn. Ég á enn eftir að ákveða hvað ég flyt, það bíður betri tíma.“

Halldór flutti með fjölskyldu sína austur í Hveragerði fyrir ári og upplýsir að þar líði henni vel. Þar séu yndislegar gönguleiðir og lítið mál að skreppa í skokkferð upp í fjall. Hann sé einmitt nýkominn úr einni slíkri. Svo sé hann með frábæra vinnuástöðu heima, þaðan njóti hann útsýnis og fái innblástur. „Hveragerði hefur lengi verið listamannabær, það er einhver andi yfir honum sem er fullur af sköpunarkrafti. Hér er líka svo gott bæjarlíf og auðvelt að kynnast fólki. Þetta er bara eins og fyrir vestan, maður fer út í búð, þekkir flest andlitin og fólk horfir í augun á manni. Það er bæjarbragur sem við kunnum að meta,“ segir hann ánægður og heldur áfram að lýsa aðstæðum fjölskyldunnar. „Konan mín er í mastersnámi í heilbrigðisvísindum og að vinna í Birtu, endurhæfingarstöð á Selfossi. Við eigum tvo stráka sem geta hlaupið hér milli húsa og leikskólinn er í bakgarðinum, liggur við. Svo er tengdó í sömu götu svo við höfum gott bakland,“ segir Halldór og fullyrðir að lífsgæðin hafi aukist til muna við að flytja austur fyrir fjall.“

## ATHUGASEMDIR

Líkar þetta 8

0 ummæli

Raða eftir



Bæta við ummælum...

Athugasemmdaibót Facebook